

8. fundur Betadeildar starfsárið 2016 – 2017, haldinn 25. apríl kl. 19:30 í Háskólanum á Akureyri

1. Aníta setti fundinn og fól Hugrónu að kveikja á kertum. Þá bar hún kveðjur fjarstaddra félagskvenna og afhenti að því loknu undirbúningshópi fundarins stjórnina. Þorgerður tók við fundarstjórn fyrir hönd hópsins.
2. Orð til umhugsunar. María Gunnarsdóttir flutti orð til umhugsunar og lagði út af spurningunni: Tónmenntakennsla, hvað er að fréttu? Í orðum sínum viðraði hún áhyggjur sínar af því að tónmenntakennsla virðist vera orðin hornreka í skólunum og að fáir tónmenntakennarar eru starfandi á Eyjafjarðarsvæðinu. Að hennar mati ætti tónmenntakennsla að vera hjarta hvers skóla og það þarf að hlúa að tónmenntinni, alltaf, alla daga, ekki bara á tyllidögum.
3. Lestur fundargerðar. Fríða las fundargerð febrúarfundar og greinargerð vegna leshrings í mars og voru þær samþykktar með einni ábendingu.
4. Erindi frá stjórn:
 - Aníta sagði frá tilnefningum sem borist hafa til stjórnar vegna heiðursviðurkenningar sem veita skal í tilefni afmælisárs. Nokkrar umræður um það hvernig standa skuli að vali þar sem ekki hafa áður borist svo margar tilnefningar. Ábending um að heiðra ekki mjög ungar konur sem eru á miðri starfsævi. Ákveðið að vísa til stjórnar að taka ákvörðun um heiðursviðurkenningu að þessu sinni. Síðast var gefið glerlistaverk og blómvöndur og því vísað til stjórnar að velja verk til þess að gefa.
 - Aníta tók upp umræðu um loka- og afmælisfund. Á vetrarskipulagi er fundurinn settur á afmælisdag Beta þann 2. júní. Komið hefur í ljós að þann dag eru skólaslit í grunnskólum þannig að hann hentar afar illa þar sem ljóst er að grunnskólakennarar yrðu þá fjarverandi. Eftir nokkrar umræður var ákveðið að halda hefðbundinn lokafund þann 26. maí, þar sem fram færi inntaka nýrra félagskvenna og fresta afhendingu heiðursviðurkenningar til haustfundar og gera þá jafnvel meira úr þeim degi.
 - Aníta minnti á 5. okt. nefndina. Ekki hefur tekist að fá konur í nefndina og varpaði hún því til hópsins. Rætt var á síðasta fundi að fimm yrðu í nefndinni frá Mý og

Beta og að þær kæmu af ólíkum skólastigum. Þorgerður situr áfram og eftir nokkrar umræður gáfu Hugu og María Gunnarsdóttir kost á sér.

- Aníta kallaði þá eftir því að fá leiðsögumann með Elínu M. Í sögugöngu á landsambandsþinginu. Sigríður Magnúsdóttir gaf kost á sér í það verkefni.
- Þá var minnt á að deildirnar eru beðnar um að vera með skemmtiatriði við hátíðarkvöldverðinn á þinginu. Rifjað var upp erindi sem Minnie flutti á fundi og var skorað á hana að flytja það. Minnie tók því vel og mun verða góður fulltrúi deildarinnar.
- Umræður um félagsskírteini. Sennilega hafa þau ekki verið afhent í vetur og ætla Aníta að kanna hvort þau hafi ekki borist gjaldkera.
- Önnur mál:
Eygla óskaði eftir aðstoð við að velja matseðil fyrir þingið og hún óskaði einnig eftir aðstoð við að stilla upp í MA á föstudegi fyrri þingið. Við því brugðust konur fljótt og vel, matseðill var valinn og þær sem vinna í MA ætla að aðstoða við uppstillinguna.
- Þá var komið að kaffi sem var veglegt að vanda og happdrættisútdrætti. Rósa Júlíusdóttir var heppin og fékk vinninginn.

5. Erindi Eiríks Stephensen, skólastjóra Tónlistarskóla Eyjafjarðar: Konur í tónlistarsögunni.

Eiríkur kennir tónlistarsögu og eins og sú saga hefur birst í gegnum tíðina þá hafa konur borið skarðan hlut. Eftir spurningu frá nemendum um konur í sögunni þá fór hann að afla sér upplýsinga um sögu þeirra og komst að því að það er mýta að konur hafi ekki samið tónlist. Þær eiga sinn stað í sögunni en það er ekki fjallað um þær. Hann fór í gegnum tímabil tónlistarsögunnar og kynnti okkur fyrir merkilegum konum og gaf okkur tóndæmi.

Að erindi loknu þakkaði Aníta Eiríki fyrir hans erindi, færði honum rós og Maríu færði hún jafnframt þakkið fyrir hennar innlegg. Þessi fundur var helgaður tónlist og tónlistarkennslu.

6. Kvöldsöngur. María og Eiríkur stjórnðu fjöldasöng, sunginn var víkivaki, **Sunnan yfir sæinn**, við texta Jóhannesar úr Kötlum og lag Valgeirs Guðjónssonar.

7. Að lokum var pyngjan látin ganga. Aníta slökkti á kertum og sleit fundi kl. 21:30.

Fundargerð ritaði Fríða Pétursdóttir